


Fosshlíð-Mánahlið-Sunnuhlíð-Barmahlíð

Deiliskipulagsbreyting



HLUTI AÐALSKIPULAGS AKUREYRIAR 2018-2030

SKÝRINGAR

- Opið svæði
- Lódir
- Núverandi byggingar
- Götur
- Mörk skipulagssvæðis
- Hús fjarlægð
- Byggingarritur
- Blástæði
- Girðing - gróurbelti
- Göngustígar/gangstéttar
- Útivistarstígur
- Lóðstærð
- Hámarks nýtingarhlutfall
- Núverandi aðkoma
- Fjöldi hæða
- Hraðatakmarkandi aðgerðir - breytt yfirborð
- Hraðatakmarkandi aðgerðir - kottar
- Hraðatakmarkandi aðgerðir - breytt hæl yfirborðs
- Strætóskýli
- Mörk deiliskipulagsbreytingar

SKIPULAGSGÖGN OG KORTAGRUNNUR

Skipulagsgögn fyrir svæðið eru þessi:
 - Deiliskipulagsuppráttur 1:1000 ásamt greinargerð

Kortagrunnur:
 Skipulagsuppráttur er teiknaður í kortagrunni sveitarfélagsins í ISN93

SAMBÝKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv.

1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá _____ til _____ 2021 var

sambýkkt í bæjarstjórn þann _____ 2021.

f.h. Akureyrarbæjar

Sambýkkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-

deild Stjórnartíðinda þann _____ 2021.



Fosshlíð-Mánahlið-Sunnuhlíð-Barmahlíð

Akureyri

Deiliskipulagsbreyting


| | | | |
|-------------|------------|--------------|-------|
| VERK: | BLAÐSTÆRD: | UNNIÐ: | RÝNT: |
| 1552-044 | A1 | AB | ÁJ |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYTT: | |
| 1:1.000 | 17.05.2021 | --- | |

SAMBÝKKT: **TILLAGA**



GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR Í MKV. 1:1000, TÓK GILDI 0.10.2011 M.S.BR.

GREINARGERÐ



Gildandi greinargerð

- Inngangur**
 - Deiliskipulagið afmarkast við göturnar Skarðshlíð að austan, Fosshlíð að sunnan, Hlíðarbraut að vestan og Sunnuhlíð að norðan. Skipulagssvæðið er 4,6 ha að stærð. Fyrsta húsið á þessu svæði var byggt árið 1925 (Barmahlíð 8) og næsta hús var byggt norðan við árið 1949 (Barmahlíð 6). Hverfið byggðist síðan upp eftir árið 1976 og eru einbýlishús á öllum lóðum.
 - Tilfni að deiliskipulagi þessu er að hús á lóð nr. 8 við Barmahlíð skemmdist mikið í burna og í kjölfarið kom fram sú ósk að byggja þar á ný einbýlishús eða parhús ásamt bílageymslum.
 - Markmið er að skilgreina byggingarriti og nýtingarhlutföll á öllum lóðum, til nýbyggingar á lóð Barmahlíðar 8 og viðbyggingar á öðrum lóðum.

2. Deiliskipulag

- 2.1.1. Skipulagsgögn eru deiliskipulagsuppráttur dags. 05. júlí 2010.
- 2.1.2. Í gildi er aðalskipulag fyrir Akureyri 2005-2018. Umrætt svæði er skilgreint sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi og ekki eru fyrirhugaðar breytingar á landnotun eða starfsemi í aðalskipulagi. Tillaga að deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag.
- 2.2. Skipulagsákvæði
- 2.2.1. Almennir skilmálar

Hér er lýst almennum skilmálum sem gilda að jafnaði um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við skipulag þetta og skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð (441/1998). Byggingarritir eru sýndir á deiliskipulagsupprætti og skulu byggingar standa innan þeirra. Þó mega einstaka minniháttar byggingarhlutar s.s. þakskegg, skyggni, svalahlutar og

gluggafrágangur sem felur í sér útkögun, skaga út fyrir byggingarreit. Þess skal gætt að byggingarhlutar utan byggingarreitss séu ekki fyrirferðamiklir og ryri ekki heildaryfirbragð. Byggingarreitir eru táknaðir með brotnum línun. Blástæði skulu almennt vera í samræmi við 64. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Á hverri einkalóð er gert ráð fyrir teimur blástæðum.

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við kafla 3 í byggingarreglugerð (444/1998). Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæliblöð, hæðarblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Á aðaluppráttum skal sýna skipulag lóðar í aðalatriðum, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum, skjólveggi á lóð og annað það sem máli skiptir fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. byggingarreglugerð (441/1998).

Vanda skal til hönnunar bygginga sbr. byggingarlistastefnu Akureyrarbæjar sem sambýkkt var í bæjarstjórn 12. júní 2001. Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, hæðarlínur og hnitaskrá.

2.2.2 Sérákvæði

2.2.2.1. Barmahlíð 8

Innan byggingarreitss er heimilt að reisa 1 parhús eða 1 einbýlishús á 1-2 hæðum. Hámarksvegghæð langhlíða er 6 m. Þá er heimilt að hafa stakstæðar eða sambyggðar bílageymslur við íbúðarhús. Þakgerð skal vera mæniskak eða einhalla þak. Hámarksþakhalli er 20°. Hámarks nýtingarhlutfall er 0,30. Staðsetning blástæða er ekki bindandi.

2.2.2.2. Barmahlíð 6

Innan byggingarreitss stendur einbýlishús á 1-2 hæðum og heimilt er að byggja við það í samræmi við nýtingarhlutfall og byggingarreit. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,30. Þakhalli skal að

hámarki vera 20° og skulu viðbyggingarnar taka mið af útliti og hæð núverandi húss.

2.2.2.3. Sunnuhlíð 6, 8, 10, 11, 13, 15

Mánahlið 1, 2, 4, 6, 8, 10, 12 og Barmahlíð 2 og 4.

Innan byggingarreitsta einbýlishús á 2 hæðum og heimilt er að byggja við þau í samræmi við nýtingarhlutfall og byggingarreit. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,45. Þakhalli skal að hámarki vera 20° og skulu viðbyggingarnar taka mið af útliti og hæð núverandi húsa.

2.2.2.5. Opið svæði


Við Skarðshlíð er gróurbelti við göngustíg og gert er ráð fyrir að sett verði upp girðing ofan þess til varnar börnum að leik. Útivistarstígur tengir Mánahlið og Skarðshlíð og göngustígur tengir Mánahlið við Barmahlíð.

3. Umhverfisáhrif

Deiliskipulag þetta fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006. Ekki er talið að framfylgd deiliskipulagsins hafi í för með sér neikvæð umhverfisáhrif. Skipulagssvæðið nær til viðbygginga á öðrum lóðum. Íbúðum á svæðinu kemur til með að standa í stað eða fjölgja um eina.



BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR Í MKV. 1:1.000



Breytt deiliskipulag

1. Inngangur

Í ársbyrjun 2020 var farið í þá vinnu að skilgreina með skýrum hætti akbrautir, þrengingar og umferðareyjur á svæði sem náði til Skarðshlíðar og Hóðahlíðar á Akureyri. Markmiðið var að auka öruggi gangandi og hjólandi og að skilgreina hraðatakmarkandi aðgerðir. Mörg börn eiga leið um svæðið en þar er bæði stærsta íþróttamannvirki sveitarfélagsins, Þórssvæðið, grunnskóli, sundlaug og bráðlega kemst einnig í gagnið leikskóli. Umferð okutækja er oft mikil og þrátt fyrir 30 km/klst hámarksraða hefur umferðarhraði verið of hár á svæðinu með tilheyrandi slysaáætlu. Einnig hafa gönguleiðir yfir göturnar ekki verið nógu skýrar.

2. Forsendur

Heildarskipulag fyrir stígakerfi innan Akureyrar var sambýkkt sem breyting á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 í ársbyrjun 2021. Markmiðið með því er að stuðla að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og er kerfið flokkað í stofnstíga, tengistíga, útivistarstíga, reiðstíga og almenna stíga. Skipulagið er nauðsynlegur grunnur fyrir nánari útfærslu, hönnun og framkvæmdir við nýja stíga og endurbætur á þeim sem fyrir eru.

Samkvæmt aðalskipulaginu eru tengistígar í Fosshlíð, Sunnuhlíð og meðfram Skarðshlíð. Tengistígar liggja innan hverfa og tengja íbúðarhverfi við stofnstígakerfið og aðra nærþjónustu.

3. Breyting

Í kjölfar þessarar vinnu er gerð breyting á deiliskipulagi Fosshlíðar-Mánahliðar-Sunnuhlíðar-Barmahlíðar. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið er stækkað yfir Skarðshlíð og nær yfir gatnamót Fosshlíðar og Skarðshlíðar og einnig yfir gatnamót Sunnuhlíðar og Skarðshlíðar og niður Skarðshlíð þar sem aðkoma að verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð og fjölbýlishúsinu Sunnuhlíð 19-23.

Gönguleiðir yfir Skarðshlíð eru sýndar á fjórum stöðum, tvær yfir Sunnuhlíð og ein yfir Barmahlíð. Gönguleiðin í Sunnuhlíð er tekin yfir götuna með það að markmiði að hægja á hjólandi umferð, beina umferð að strætó stoppistöðinni við gatnamótin og auka sýnileika þeirra sem þvera götuna með því að draga þá frá blindhorni norðan Sunnuhlíðar. Við allar göngubætur er hraðatakmarkandi aðgerðir, annað hvort með upphækkjuðum gönguleiðum eða með „koddum“ framan við gönguleiðina. Endanleg útfærsla getur breyst við loka hönnun.

Þrenging er á Skarðshlíð við gatnamót Sunnuhlíðar með aðeins einni akbraut og eru sambærilegar þrengingar einnig í Sunnuhlíð. Á þeim gatnamótum er gert ráð fyrir upphækkjuð og mögulega breyttu yfirborði götu til að draga úr umferðarhraða.

Gert er ráð fyrir að strætó stoppi í götu og strætóskýli við lóðamörk Hvammshlíðar 11, á mótis við Fosshlíð og við gatnamót Sunnuhlíðar og Skarðshlíðar.

4. Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif eru talin jákvæð þar sem umferðarhraði lækkar og þar af leiðandi minni umferðarhávaði og svifryksmengun.

Að öðru leyti gildir skipulag frá 2010 m.s.br.